

6. september 2013

Ásahreppur
b/t Péturs Inga Haraldssonar skipulagsfulltrúa
Laugalandi 2
851 Hellu

EFNI: Athugasemdir við lýsingu að aðalskipulagsbreytingu á Holtamannafrétti, Ásahreppi 2010-2022.

SAMANTEKT

Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við lýsingu á aðalskipulagsbreytingu á Holtamannafrétti í Ásahreppi fyrir árin 2010-2012. Í meginatriðum telur Landvernd að Ásahreppur fari á sveig við lög nr. 48/2011 með því að halda Norðlingaölduveitu inni á aðalskipulagi, en hún tilheyrir verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun Alþingis. Þá telja samtökin ekki tímabært að setja inn á skipulag legu háspennulína meðan kerfisáætlun Landsnets hefur ekki farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum áætlana og fyrirtækið hefur ekki gert skýra grein fyrir þörfinni á 220kV háspennulínu yfir Sprengisand. Þá telja samtökin ekki tímabært að setja virkjanahugmyndir í biðflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar inn á skipulag fyrr en Alþingi hefur sett fram nýja áætlun sem flokki þessar hugmyndir í verndar- eða orkunýtingarflokk. Þá gera samtökin athugasemdir við að ekki sé gert ráð fyrir að meta áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á víðerni og ferðaþjónustu.

INNGANGUR

Landvernd hefur eindregið lagst gegn uppbyggingu vega, línumannvirkja og virkjana á hálendi Íslands^{1,2}. Samtökin hafa margoft fært fyrir því rök að stofna eigi þjóðgarð sem nái yfir miðhálendi Íslands og hafi mismunandi verndarflokka. Í Capacent-Gallup könnun frá því í október 2011 kom fram ríkur vilji þjóðarinnar til stofnunar þjóðgarðs á miðhálendi Íslands, en 56% aðspurðra voru því fylgjandi og einungis 18% andvíg³. Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við lýsingu á aðalskipulagsbreytingu Ásahrepps á Holtamannafrétti.

ATHUGASEMDIR VIÐ LÝSINGU Á AÐALSKIPULAGSBREYTINGU

Einstakar athugasemdir Landverndar við lýsingu fara hér á eftir, en ofangreind afstaða samtakanna er ítrekuð.

1. Breytt stefnumörkun um legu Sprengisandsvegur

- 1.1 Í lýsingu Ásahrepps er talað um þrjá valkosti fyrir framtíðarlegu Sprengisandsvegur um Holtamannafrétt. Ekki er tilgreint um hvernig veg er að ræða. Er fyrirhugað að hafa uppbyggðan heilsársveg eins og gert er ráð fyrir að hágönguvirkjunum, eða hefðbundinn hálendisveg sem fellur vel að landinu? Þetta þarf að skýra.
- 1.2 Landvernd leggur ríka áherslu á að áberandi vegir spilla alltaf landslagi og víðernum hálendisins. Þessi áhrif aukast eftir því sem vegir eru meira uppbyggðir. Landvernd

¹ <http://www.rammaaetlun.is/da/Download/default?id=231&filename=Ums%C3%B6gn%20f%C3%A9lagasamtaka%20%C3%A9%20n%C3%A1tt%C3%BAruvernd%20-%20LOKA.pdf>

² <http://landvernd.is/Sidur/ID/2553/Alyktun-aalfundar-um-jogar-a-mihalendi-Islands>

³ http://www.natturuverndarsamtok.is/pdf/https___postur.internet.pdf

mótmælir því harðlega að uppbygging Sprengisandsleiðar verði með þeim hætti að um uppbyggðan, heilsársveg sé að ræða.

- 1.3 Landvernd leggst einnig gegn byggingu s.k. Hágönguvegur, en þar er að hluta til um að ræða nýtt vegstæði sem mun rjúfa víðerni og þvera Sprengisand.
- 1.4 Uppbyggður heilsársvegur mun breyta upplifun ferðamanna á svæðinu, í andyri Vatnajökulsþjóðgarðs og þá sérstaklega Vonarskarðs. Uppbyggður heilsársvegur, virkjanir og háspennulínur í næsta nágrenni samræmast afar illa þjóðgarðinum.
- 1.5 Landvernd bendir á stefnumörkun samtakanna um hálendisvegi frá árinu 2007 en þar er lögð fram sú tillaga að vegir á hálendinu eigi fyrst og fremst að vera *ferðamannavegir*, þ.e.a.s. „...vegir sem eru sérstaklega ætlaðir umferð ferðamanna, sem njóta vilja landslags og náttúrufars, og eru lagðir þannig að þeir raski sem minnst landslagi því og náttúrufari, sem þeir liggja í og um...“ (Landvernd 2007). Því er beint til Ásahrepps að líta til tillagna í þessari stefnumótun Landverndar.
- 1.6 Samkvæmt lýsingu Ásahrepps mun líklegur Sprengisandsvegur (mynd 4 í lýsingu) liggja innan núverandi friðlands Þjórsárvera. Ekki er gerð sérstök grein fyrir þessu í lýsingu og mikilvægt að áframhaldandi vinna við aðalskipulagsbreytinguna taki þetta atriði sérstaklega fyrir og fjallað verði um möguleg áhrif vegagerðar innan friðlandsins.
- 1.7 Fossarnir í efri Þjórsá búa yfir miklum möguleikum sem áningarstaður ferðamanna. Með vaxandi fjölda ferðamanna á Íslandi er þörf fyrir fleiri slíka. Landvernd telur að gagnlegt væri að kanna hvort bæta megi aðgengi að fossunum að austanverðu og greina frá því í aðalskipulaginu. Best væri fyrir sveitarfélögin fyrir vestan og austan Þjórsá að skoða þetta í sameiningu þar sem ríkt tillit væri tekið til náttúruverndarsjónarmiða.
- 1.8 Það er mikilvægt að á hálendinu verði víðáttumikil svæði þar sem ekki er að finna vegi, ekki síst til að tryggja vernd og viðgang víðerna. Víðerni hafa látið á sjá á undanförunum áratugum, en samkvæmt nýlegri rannsókn við Háskóla Íslands hafa þau rýrnað um allt að 68% milli 1936 og 2010⁴. Sú lýsing sem hér er til umfjöllunar er vart í samræmi við stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun, *Velferð til framtíðar*, en áherslur 2010-2013 kveðja sérstaklega á um vernd og viðhald víðerna, en þar segir m.a.: „Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands.“⁵.

2. Breytt stefnumörkun um legu háspennulínu yfir Sprengisand og tengingu nýrra virkjana

- 2.1 Þekkt er að háspennulínur í lofti, ekki síst á háum spennustigum eins og vitnað er til í lýsingu á bls. 4 (220kV eða 400kV sbr. kerfisáætlun Landsnets 2011-2015), hafa víðtæk sjónræn áhrif og valda margvíslegu raski með efnistöku og vegagerð. Sjónræn áhrif eru sérstaklega mikil þar sem landslag er opið og sjóndeildarhringur víður eins og víða er á Sprengisandi.
- 2.2 Í kafla 2.2 um tengsl við aðrar áætlanir eru taldar upp áætlanir sem litið verður til við umhverfismat breytinga á aðalskipulagi Ásahrepps. Landvernd gerir athugasemd við að kerfisáætlun Landsnets 2011-2015 skuli hér á meðal án þess að taka fram að hún hefur hvorki vægi reglugerðar né skipulags, heldur er í raun verkáætlun fyrirtækisins. Þess má geta að Skipulagsstofnun taldi sig ekki geta litið til áætlunarinnar við undirbúning og gerð tillögu að landsskipulagsstefnu sem skilað var til umhverfis- og auðlindaráðherra haustið 2012 af þessum sömu ástæðum. Þá hefur Landvernd margoft bent á að ótækt sé að þessi verkáætlun fyrirtækisins skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum áætlana sérlega í ljósi þess að mörg sveitarfélög styðjast við hana við skipulagsgerð. Í maí 2013 úrskurðaði umhverfis- og auðlindaráðherra að kerfisáætlun Landsnets falli undir gildissvið 1. mgr. 3.

⁴ Victoria Frances Taylor, (2011). *GIS assessment of Icelandic wilderness from 1936 to 2010*, MSc thesis, Faculty of Life and Environmental Sciences, School of Engineering and Natural Sciences: Reykjavík.

⁵ http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Velferd-til-framtidar-2010-2013.pdf

gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og því skuli hún sæta umhverfismati áætlana⁶. Umhverfismat þeirrar áætlunar Landsnets sem vísað er til í lýsingu Ásahrepps hefur aldrei farið fram. Þar að auki hefur Landsnet hvergi sýnt fram á þörfina fyrir 220kV línu um Sprengisand umfram línur af minna spennustigi og flutningsgetu. Að ofansögðu er það mat Landverndar að ekki séu forsendur til að taka málefnalega eða skipulagslega afstöðu til línulagna á svæðinu og því ber ekki að setja neinar línur inn í breytingar á aðalskipulagi Ásahrepps á Holtamannafrétti að svo stöddu.

3. Hugmyndir um nýjar virkjanir

- 3.1. Samkvæmt 7. gr. 1. mgr. laga nr. 48/2011 er verndar- og orkunýtingaráætlun bindandi við gerð skipulagsáætlana. Ekki verður séð af lýsingu þessarar aðalskipulagsbreytingar að tekið hafi verið tillit til þessa lagabókstafs, því að Norðlingaölduveita sem er í verndarflokki áætlunarinnar, sbr. þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða frá 14. janúar 2013, er inni á skipulagsupprætti í lýsingunni. Verði þetta niðurstaða Ásahrepps verður ekki annað séð en að um lögbrot sé að ræða. Í athugasemdum við frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða (sem varð að lögum nr. 48/2011) segir m.a. við 7. gr. frumvarpsins (undirstrikun Landverndar): „Í greininni er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir skuli samræma skipulagsáætlanir sínar verndar- og nýtingaráætluninni. Í þessu felst m.a. að ekki er gert ráð fyrir því að virkjanir séu settar inn á skipulagsáætlanir nema það samræmist flokkun samkvæmt verndar- og nýtingaráætlun.” Ennfremur segir: “Sveitarstjórnir skulu leitast við að samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og nýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá því að hún er samþykkt á Alþingi. Þannig skulu þær gera ráð fyrir þeim virkjunarkostum sem tilgreindir eru í nýtingarflokki áætlunarinnar og friðun þeirra svæða sem eru í verndarflokki áætlunarinnar.”
- 3.2. Landvernd bendir einnig á skilgreiningu á virkjunarkostum og afmörkun þeirra í skýringum á ofangreindu lagafrumvarpi þar sem segir: “Virkjunarsvæði í vatnsafli miðast almennt við allt vatnasvið fallvatnsins ofan þeirrar virkjunar sem nýtir fallið og farveg fallvatnsins neðan virkjunar.” **Af þessu og lið 3.1. hér að ofan verður ekki annað skilið en að Ásahreppi beri að setja svæði Norðlingaölduveitu inn á skipulag sem verndarsvæði og sé ekki heimilt að hafa Norðlingaölduveitu eða önnur virkjunarmannvirki ofan Sultartangalóns inni á aðalskipulagi sem virkjunarkost.**
- 3.3. Hágönguvirkjanir og Skrokkölduvirkjun eru í biðflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar. Landvernd telur ekki tímabært að setja þessar virkjanahugmyndir á skipulag fyrr en þær hafa verið flokkaðir samkvæmt lögum nr. 48/2011 í annaðhvort verndar- eða orkunýtingarflokk. Þó er ekki kveðið skýrt á um þetta í skýringum við frumvarpið, en þar segir: “Ekki þarf í áætlununum að taka afstöðu til þeirra virkjunarkosta sem falla í biðflokk áætlunarinnar.” Því verður hér ekkert fullyrt um lagalega hlið þess að setja virkjunarhugmyndir í biðflokki á skipulag. Jafnframt vísast til sameiginlegrar umsagnar 13 náttúruverndarfélaganna frá í nóvember 2011 um þessar virkjanahugmyndir⁷.

4. Stækkun og breytt afmörkun friðlands í Þjórsárverum

- 4.1. Landvernd hefur áður stutt stækkun friðlands í Þjórsárverum, sbr. umsögn samtakanna til Umhverfisstofnunar frá 3. apríl 2013⁸ um drög að mörkum og skilmálum friðlýsingar

⁶ <http://www.urskurdur.is/Umhverfis/UrskurdurRaduneytisins/2013/05/21/nr/5970>

⁷ <http://www.rammaaetlun.is/da/Download/default?id=231&filename=Ums%C3%B6gn%20f%C3%A9lagasamtaka%20%C3%A9%20n%C3%A1tt%C3%BAruvernd%20-%20LOKA.pdf>

⁸ <http://landvernd.is/Sidur/ID/3946/Athugasemdir-vi-frilysingarskilmala-jorsarvera>

Þjósárvera. Ekki er fjallað sérstaklega um stækkun og breyting á friðlandinu í Þjósárverum í lýsingu Ásahrepps, nema þess getið að hún hafi verið samþykkt í sveitarstjórn þann 14. maí 2013. Vísast hér aftur til 7. gr. 1. mgr. laga nr. 48/2011 og umfjöllunar í liðum 3.1 og 3.2 hér að framan.

5. Aðrar athugasemdir við einstaka kafla lýsingar

- 5.1. Í kafla 1.1 um stefnumörkun og í kafla 2.4. um valkosti til samanburðar kemur fram að Landsvirkjun, Landsnet og Vegagerðin hafi, í samráði við Ásahrepp og Rangárþing ytra, unnið forathugun fyrir vegi, línur og virkjanir á Holtamannafrétti þar sem ákveðnir þættir voru skoðaðir. Landvernd bendir á að æskilegt væri að hafa samráð við fleiri hagsmunaaðila við vinnu sem þessa, þ.m.t. umhverfis- og náttúruverndarsamtök. Þetta er mikilvægt þegar jafnmikil verðmæti í eigu allrar þjóðarinnar eru til umfjöllunar sem hálendi Íslands er.
- 5.2. Í kafla 2.2 um tengsl við aðrar áætlanir segir: „...greint [verður] frá áhrifum af breyttu aðalskipulagi á aðra áætlanagerð“. Landvernd bendir á að þetta orðalag kann að valda misskilningi, enda ber við gerð umhverfismats áætlana að greina frá tengslum viðkomandi áætlunar við aðra fyrirliggjandi áætlanagerð (6. gr. 2. mgr. a. liður) og æskilegt er að tilgreina hvaða breytingar eru ekki í samræmi við hinar sem fyrir eru.
- 5.3. Í kafla 2.2 um tengsl við aðrar áætlanir eru taldar upp áætlanir sem litið verður til við umhverfismat breytinga á aðalskipulagi Ásahrepps. Landvernd gerir athugasemd við að kerfisáætlun Landsnets 2011-2015 skuli hér á meðal án þess að taka fram að hún hefur hvorki vægi reglugerðar né skipulags, heldur er í raun verkáætlun fyrirtækisins, eins og greinir frá í lið 2.2 hér að ofan. Vísast hér til þeirrar umræðu.
- 5.4. Í kafla 2.3 um nálgun og áherslur matsvinnu er farið í gegnum þá umhverfisþætti sem tekið verður tillit til við umhverfismat þeirrar stefnu sem sett verður fram í aðalskipulagsbreytingunni. Landvernd telur að þarna vanti sárlega að fjallað verði um áhrif skipulagsins á víðerni, ferðaþjónustu og upplifun ferðamanna, en ljóst er að uppbygging vega, virkjanir og háspennulínur munu hafa mikil sjónræn áhrif og mögulega brjóta upp víðerni, a.m.k. víðernisupplifun ferðamanna. Nauðsynlegt er að bæta þessu við þá umhverfisþætti sem til umfjöllunar verða.
- 5.5. Landvernd leggur áherslu á að umhverfismatið nái til náttúruminja, ekki síst áhrif á friðlýst svæði og þjóðgarða á svæðinu.
- 5.6. Landvernd bendir á að fjalla þarf um áhrifaþætti og lýsa þeim og hvernig gögnum verði aflað og unnið með þau. Þá leggur Landvernd áherslu á skýra og greinargóða lýsingu á umhverfi og aðstæðum á fyrirhuguðu skipulagssvæði.
- 5.7. Landvernd bendir á að stórbæta þarf kortagerð. Ekki er sýnt hvaða kostur er hvað fyrir línulagnir og vegi (myndir 1 og 2). Á korti með miðlunarlónum og hugmyndum að nýjum virkjunum eru friðlandsmörk Þjósárvera ekki sýnd (mynd 3), þó svo að þau séu sýnd á mynd 4. Þetta þarf að laga.
- 5.8. Erfitt er að átta sig á heildarbreytingum sem boðaðar eru út frá kortum og dregur það úr skírleika lýsingar. Landvernd beinir því til Ásahrepps að samhæfa og setja á eitt kort allar fyrirhugaðar breytingar: nýjar virkjanir, legu háspennulína, vegagerð og uppistöðulón. Þá þarf einnig að að draga betur fram á kortum núllkost við vegagerð, þ.e.a.s. núverandi Sprengisandsleið, Kvíslaveituveg og veg inn að og upp með Hágöngulóni.

Fyrir hönd Landverndar,

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,
framkvæmdastjóri Landverndar.